

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 6 30. janúar 1970 um bifreiðamál ríkisins.

1. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður er orðist svo:

Sama skal gilda um starfsmenn á Norðurlandaskrifstofum Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem þar hafa starfað samfelld í minnst tvö ár, enda liggi fyrir ákvörðun fjármálaráðuneytisins þar að lútandi hverju sinni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. maí 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um heyrnleysingjakennaranám við Heyrnleysingjaskólann árin 1982 og 1983.

1. gr.

Tilgangur kennslunnar er að veita sérfræðipækkingu í kennslu heyrnleysingja og starfsréttindi til heyrnleysingjakennslu. Rétt til þátttöku í náminu hafa þeir kennarar einir sem gegnt hafa minnst þriggja ára starfi við Heyrnleysingjaskólann og kenna að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hluta fullrar kennslu meðan á námi stendur.

2. gr.

Námið skal skipulagt af Högskolan för lärarutbildning í Stokkhólmi í samráði við skólastjóra Heyrnleysingjaskólans, skólastjóra Bréfaskólans og menntamálaráðuneytið.

Námið skal miðast við þær kröfur sem Högskolan för lärarutbildning í Stokkhólmi gerir til menntunar heyrnleysingjakennara, en sniðið að íslenskum aðstæðum.

3. gr.

Til kennslunnar skal verja minnst 2110 kennslustundum. Hún fer fram í önnum með fyrirlestrum og starfsþjálfun, sem sænskir og íslenskir kennarar annast. Námið samsvarar tveggja ára sérnámi.

Nokkur hluti námsins fer fram í bréfaformi fyrir milligöngu Bréfaskólans.

4. gr.

Kennslan tímabilið 27. mars 1982 til 5. nóvember 1983 felst í eftirtöldum meginþáttum:

Námsgreinar og stundafjöldi.

	27. mars 1982- 15. maí 1983	16. maí- 30. júní 1983	30. ágúst- 5. nóv. 1983.
Uppeldis og kennslufræði			
(Pedagogik)	35	30	10
Aðferðir í kennslu heyrnarskertra/heyrnarlausra. (Hörsel/dövmetodik)	60	40	30
Læknisfræðileg heyrnarfræði.			
(Medicinsk audiologi).	55		
Tæknileg heyrnarfræði.			
(Teknisk audiologi).	44		
Uppeldis og kennslufræðileg heyrnarfræði (Pedagogisk audiologi).	48		
Félagsleg heyrnarfræði.			
(Sociologisk audiologi).	20	20	10
Talkennslu og talmeinafræði og raddfræði (Logopedi och forniatri).	45	55	10
Málvísindi og hljóðfræði.			
(Språkteori och fonetik).	27	45	5
Táknmál (Teckenspråk).	35	8	55
Kennsla um fatlanir.			
(Handikappkunskap).		15	
Látbragð og tjáning, tónlist og taktur (Min/drama- musik/rytmik).			55
Verkleg kennsla og handleiðsla.			
(Praktik).	702		200
Kennsluritgerðir sem lokaverkefni.			
(Specialarbete).	300		100
Gerð námsefnis. (Läromedelsmetodik).		14	
Námsferðir.			
(Studieresor).	100		90

5. gr.

Próf og mat úrlausna skal vera í höndum kennara í hverri grein í samráði við Högskolan för lärarutbildning í Stokkhólmi, sem annast brautskráningu nemenda að námi loknu.

6. gr.

Peir sem standast tilskilin próf, öðlast full starfsréttindi sem heyrnleysingjakennarar, þar sem þetta nám fullnægir fyllstu kröfum um menntun í heyrnleysingjafræðum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 13 frá 31. mars 1962 og gildir frá upphafi til loka námstímabilsins 1982 og 1983.

Menntamálaráðuneytið, 21. maí 1983.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.